



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2024

2404008SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, 705. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 7. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila. Frumvarpið hefur að geyma almennar reglur um hvernig ljúka megi tilvist ógjaldfærra opinberra aðila með sambærilegum hætti og á við um gjaldþrotaskipti. Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

Afstaða sambandsins

Sambandið gerir alvarlega athugasemdir við frumvarp þetta og telur að við samningu þess hafi ekki verið unnið í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga en þar kemur fram að ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skuli fara fram sérstakt mat á áhrifum þess á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram. Í mati á áhrifum í greinargerð frumvarpsins segir m.a.: „Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu ákvæði þess ekki hafa bein fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð eða aðra opinbera aðila en óbein áhrif geta falist í því að betri gaumur sé gefinn að fjárhagslegu heilbrigði þeirra opinberu aðila sem falla myndu undir gildissvið frumvarpsins.“ Að mati sambandsins er hér með öllu horft fram hjá hugsanlegum neikvæðum áhrifum frumvarpsins, neikvæðum áhrifum er sambandið benti á í [umsögn](#) sinni er frumvarpsdrögin voru til umsagnar í samráðsgátt ásamt því að fleiri umsagnaraðilar hafa bent á umrædd neikvæð áhrif.

Fjárhagslega áhrif á sveitarfélögin

Í mars 2023 voru birt í samráðsgátt áform um slit og uppgjör ÍL-sjóðs sem er fyrirrennari þess frumvarps sem hér er til umræðu. Sambandið skilaði inn umsögn um áformin þar sem farið er yfir áhrif slita ÍL-sjóðs á sveitarfélögin m.t.t. lífeyrisskuldbindinga. Hvað þau áhrifa varðar vísast til þeirrar [umsagnar](#) sem og umsagna Logos f.h. fjölda lífeyrissjóða og Landssamtaka lífeyrissjóða.

Sambandið óskaði eftir því að KPMG myndi meta fjárhagsleg áhrif lagasetningar á lánshæfi B-hluta stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga sem myndu falla undir lögin og mögulegan aðgang þeirra að erlendu lánsfé og fjárfestingu. Niðurstaða KPMG var sú að líklegt væri að yrði frumvarpið óbreytt að lögum myndi það hafa neikvæð áhrif á lánshæfi og lánskjör stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga. Sérstaklega í ljósi

Þess að mjög óljóst er hvaða stofnanir og fyrirtæki falla undir lögin og að sveitarfélög geta ekki gengist í sjálfskuldaábyrgð vegna tryggingar til lána stofnana og fyrirtækja. Segir einnig að í ljósi þess hve erfitt er að slá föstu hvaða stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga falla undir gildissvið frumvarpsins sé erfitt að kostnaðarmeta fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög nema með almennum ályktunum. T.d. sé ekki hægt að taka sama heildarlán núverandi B-hluta stofnana og fyrirtækja eða meta áætlaða lántöku næstu ára miðað við fjögurra ára fjárhagsáætlun sveitarfélaga nema með ærnum tilkostnaði. Minnisblað KPMG er fylgiskjal með umsögn þessari.

Neikvæð áhrif frumvarpsins helgast fyrst og fremst af tveimur atriðum:

1. Óljóst gildissvið frumvarpsins

Ítrekuð er ábending sambandsins frá því að frumvarpið var til umsagnar í samráðsgátt en þar kom fram að B-hluta stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga er geta fallið undir lögin eru á fjórða hundrað og er nánar fjallað um þær stofnanir í fyrri umsögn. Samkvæmt frumvarpinu er 1. gr. ætlað að afmarka gildissvið þess gagnvart stofnunum og fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga en greinin er því miður ekki nægjanlega skýr og eru því fjölmörg vafatilfelli varðandi hvaða stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga falla undir lögin. Sem dæmi þarf að skýra mun betur hvað sé átt við þegar stofnun eða fyrirtæki er ætlað að standa að mestu leyti sjálf undir kostnaði af starfsemi sinni. Í umfjöllun í greinargerð segir einnig að ekki sé unnt að koma fram slitum á opinberum aðila sem gegnir lögákveðnu hlutverki og sinnir því samkvæmt sérlögum en fjöldi B-hluta stofnana sinna lögbundnu hlutverki og hefði verið betra að skýra nánar í greinargerð hvaða stofnanir gætu þar fallið undir t.d. með að taka einhver dæmi. Að auki hefur hvergi verið tekið á þeim vafatilvikum er geta átt sér stað varðandi byggðasamlög og hvernig eigi að nálgast þau varðandi gildissvið frumvarpsins. Byggðasamlög eru stofnuð á grunni sveitarstjórnarlaga en starfsemi þeirra líkist að einhverju leyti sameignarfélögum. Sameignarfélög eru undanskilin gildissviði laganna en ekki hefur verið tekin afstaða með skýrum hætti á því hver staða byggðasamlaga er. Er það mjög óheppilegt þar sem fjöldi byggðasamlaga eru starfandi í landinu og mörg þeirra með með umfangsmikla starfsemi. Einnig hefur ekki verið ávarpað hver staða Orkuveitu Reykjavíkur er en það er sameignarfyrirtæki sem líkir mjög til sameignarfélaga.

Þessu til viðbótar ber að nefna að þar sem óljóst er hvaða stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga falla undir frumvarpið er ógerlegt að meta áhrif frumvarpsins á umsýslu einstakra sveitarfélaga eða stofnana vegna frumkvæðisskyldu forstöðumanna skv. 2. gr. frumvarpsins. Nánar er fjallað um þetta atriði í fyrri umsögn sambandsins.

2. Áhrif á lánshæfi og lánskjör

Samband íslenskra sveitarfélaga ítrekar einnig frá fyrri umsögn að það hefur verulegar áhyggjur af því að fyrirhuguð löggjöf, og sú staðreynd að óskilgreindur hluti stofnana sveitarfélaga gæti átt undir hana, gæti haft áhrif á aðgang þessara stofnana að fjármagni og vaxtakjörum á erlendum mörkuðum. Með lögunum er

verið að koma á sérstakri slitameðferð fyrir opinbera aðila sem valda því að einstakir fjárfestar sem t.d. gætu séð hag sinn í því að taka þátt í skuldabréfaútboði stofnunar sem fellur undir lögin, eða gæti fallið undir lögin, sleppi því að taka þátt í slíkum útboðum. Áður var til staðar einföld ábyrgð sveitarfélags á skuldbindingum slíkrar stofnunar, en nú þarf að fara í gegnum langt og flókið ferli í tengslum við þá ábyrgð, sem þarfnast aðkomu íslenskra lögfræðinga og þekkingar á íslenskri löggjöf. Jafnframt gæti þetta haft áhrif á vaxtakjör sömu aðila. Við áreiðanleikakannanir í skuldabréfaútboðum eða þegar óskað er eftir lánsfé erlendis frá að öðru leyti bæri B-hluta stofnunar sveitarfélaga, sem mögulega gætu fallið undir lögin að flagga þessari löggjöf svo kröfuhafinn/lánveitandinn geri sér grein fyrir mögulegum afleiðingum af ógjaldfærni viðkomandi aðila.

Í einhverjum tilvikum eru líkur til þess að lánveitendur gerðu kröfu um sjálfskuldarábyrgð gagnvart sveitarfélagi til þess að fá ásættanleg vaxtakjör. Óheimilt er hins vegar fyrir sveitarfélag að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna tryggingar til lána stofnana og fyrirtækja sbr. 3. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Er það öfugt við íslenska ríkið sem getur veitt ríkisábyrgð á lánveitingum í samræmi við lög um ríkisábyrgðir nr. 121/1997. Er af þeim sökum misjöfn staða hjá sveitarfélögum og íslenska ríkinu hvað þetta varðar.

Þessi aðstaða bendir jafnframt eindregið til þess að ekki eigi að fella stofnanir sveitarfélaga undir gildissvið frumvarpsins. Þá liggur ekki fyrir kostnaðarmat á þeim áhrifum sem minni aðgangur að lánsfé og verri vaxtakjör gætu haft á fjárhag sveitarfélaga. Sambandið telur slíkt mat nauðsynlegt og skylt á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga líkt og komið hefur fram hér að framan.

Tillaga að breytingu

Með vísan til framangreinds ítrekar Samband íslenskra sveitarfélaga fyrri tillögu um breytingu á gildissviði frumvarpsins og að ef Alþingi ákveður að veita frumvarpinu framgöngu þá verði 1. gr. breytt á eftirfarandi vegu:

1. gr.

Lög þessi taka til stofnana og fyrirtækja ríkisins eða sveitarfélags ef það ber að lögum eða eftir löggerningi einfalda ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar eða fyrirtækisins, ekki er um að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð, stofnunin eða fyrirtækið er lögum samkvæmt bætt til að geta sjálfstætt átt réttindi og borið skyldur og því er ætlað að standa að mestu leyti sjálfst undir kostnaði af starfsemi sinni með eigin tekjum. Í lögum þessum er slík stofnun eða fyrirtæki nefnt opinber aðili.

Ógjaldfær telst opinber aðili vera ef hann getur ekki staðið full skil á skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga eða fyrirsjáanlegt er að svo fari og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma.

Opinber aðili getur hvorki fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings né verður bú hans tekið til gjaldprotaskipta eftir almennum reglum, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl.

Samhliða ofangreindri breytingu þyrfti að fjarlægja allar tilvísanir til sveitarfélaga og stofnana þeirra í frumvarpinu. Fari svo að löggjöf þessi verði sett þrátt fyrir andstöðu sveitarfélaga þarf að gera hana betur úr garði en raunin er þar sem a.m.k. gildissvið er betur afmarkað gagnvart sveitarfélögum og lögbundið kostnaðarmat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög fari fram.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagna sambandsins.

Að lokum

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir verulegri óánægju með frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila og að ekki hafi verið tekið tillit til ábendinga sambandsins sem og fjölda annarra aðila frá því að frumvarpið var birt í samráðsgátt og þar til það var lagt fram á Alþingi. Almennt hefur verið gott og þétt samstarf milli sambandsins og einstakra ráðuneyta um löggjöf sem hafa áhrif á hagsmuni sveitarfélaga en svo var því miður ekki í þessu tilfalli.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt mun það valda óvissu um ábyrgð sveitarfélaga þar sem gildissvið frumvarpsins er óljóst ásamt því að valda neikvæðum fjárhagslegum áhrifum á lánshæfi og lánskjör stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga sérstaklega í ljósi aðstöðumunar ríkis og sveitarfélaga varðandi sjálfsskuldaábyrgð.

Ítrekuð er sú ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga að undanþiggja sveitarfélög undan löggjöf þessari, enda virðist sem svo að sveitarfélög hafi næg verkfæri á sínum höndum til þess að bregðast við ógjaldfærni B-hluta stofnana sveitarfélaga.

Það að auki er frumvarpið verulega umdeilt eins og umsagnir um málið bera með sér.

Sambandið óskar eftir því að fá að fylgja umsögn þessari eftir á fundi með nefndinni sé þess nokkur kostur þrátt fyrir að umsögnin hafi borist að liðnum fresti.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur

Fylgiskjal: Minnisblað KPMG



Minnisblað

Til: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Frá: KPMG ehf.

Dags.: 9. apríl 2024.

Efni: Möguleg áhrif frumvarps til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila á sveitarfélög, 705. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024.

1. Inngangur og afmörkun álitaefnis

- Óskað hefur verið eftir því að KPMG ehf. („KPMG“) taki saman minnisblað um álitaefni er varða frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila en lögin taka til stofnana og fyrirtækja ríkisins og sveitarfélaga ef sveitarfélag ber að lögum eða eftir löggerningi einfalda ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar eða fyrirtækisins. Nánar tilgreint er óskað eftir mati á áhrifum fyrirhugaðrar lagasetningar á láns hæfi B-hluta stofnana sveitarfélaga sem falla undir lögin og mögulegan aðgang þeirra að lánsfé og fjárfestingu.
- Fyrir liggur að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl., nr. 21/1991 verður opinberri stofnun ekki veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og bú hennar verður ekki tekið til gjaldprotaskipta ef ríkið eða sveitarfélag ber ábyrgð á skuldbindingum hennar, nema mælt sé á annan veg í lögum. Markmið frumvarpsins er að bæta við slíkri lagaheimild.
- Kveikjan að frumvarpinu er sú að samkvæmt öllu óbreyttu stefnir í greiðsluprot ÍL-sjóðs og ber ríkissjóður einfalda ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Ekki er hægt að taka ÍL-sjóð né aðra opinbera aðila í sambærilegri eða svipaðri stöðu til slita eða skuldaskilameðferðar að óbreyttum lögum. Í frumvarpinu kemur fram að fyrsta álitaefnið við samningu þess hafi verið að taka afstöðu til þess hvort setja ætti sérstök lög um slit tiltekins opinbers aðila hverju sinni sem reynir á slit slíkra aðila eða hvort það ætti að setja almenn lög sem geti átt við í öllum tilvikum þegar á ógjaldfærni opinberra aðila reynir. Segir síðan, að teknu tilliti til þess að lög eru í eðli sínu almenn og að því gættu að leiða má rök að því að í framtíðinni geti verið þörf fyrir lagafyrirmæli um slit og skuldauppgjör ógjaldfærra opinberra aðila, sem ríki og sveitarfélög standa í einfaldri ábyrgð fyrir, hefur verið valin sú leið að leggja til setningu almennra reglna í stað sértækra reglna er ná eingöngu til ÍL-sjóðs.

2. Gildissvið frumvarpsins gagnvart stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélaga.

- 2.1. Fyrsta skref við mat á áhrifum lagasetningar á lánshæfi B-hluta stofnana sveitarfélaga er að greina hvaða B-hluta stofnanir sveitarfélaga muni falla þar undir.
- 2.2. Samkvæmt 1. gr. eru talin upp fjögur atriði til að greina hvaða opinberu aðilar falla undir lögin en þau eru:
 - i. Stofnanir og fyrirtæki sveitarfélags ef sveitarfélagið ber að lögum eða eftir löggerningi einfalda ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar eða fyrirtækisins,
 - ii. ekki er um að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð,
 - iii. stofnunin eða fyrirtækið er lögum samkvæmt bært til að eiga sjálfstætt réttindi og bera skyldur og
 - iv. því er ætlað að standa að mestu leyti sjálft undir kostnaði af starfsemi sinni með eigin tekjum.

Segir síðan í umfjöllun um fyrstu grein að öllum þessum viðmiðum verður að vera fullnægt til að lögaðilar á vegum ríkisins eða sveitarfélaga geti átt undir frumvarpið. Í umfjölluninni segir einnig eftirfarandi: „*Rétt er að áréttu að ekki væri unnt að koma fram slitum á opinberum aðila sem gegndi lögákveðnu hlutverki og sinni samkvæmt sérlögum tilteknu viðfangsefni nema þess hefði áður verið gætt að breyta þeim lögum á þann hátt að annaðhvort legðist af sú starfsemi sem um ræðir í viðkomandi tilviki eða hún flyttist í hendur einhvers annars.*“

- 2.3. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpsdrögin er þau voru birt í samráðsgátt seinni hluta árs 2023, komu fram ábendingar um skort á umfjöllun um þau áhrif sem frumvarpið getur haft á stofnanir sveitarfélaga og hversu stór hluti stofnana sveitarfélaga gæti fallið undir lögin. Að mati KPMG hefur ekki verið brugðist við þeim ábendingum og er enn uppi töluverður vafi á því hvaða B-hluta stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga muni falla undir lögin. B-hluta stofnanir sveitarfélaga eru á fjórða hundrað og gegna mjög fjölbreyttum hlutverkum. Þar á meðal eru margar stofnanir sem sinna lögákveðnu hlutverki og aðrar stofnanir sem reknar eru í samstarfi við önnur sveitarfélög, yfirleitt í gegnum byggðasamlög. Helstu B-hluta stofnanir sveitarfélaga eru stofnanir eða fyrirtæki utan um starfsemi veitna, félagslegar íbúðir og hafnir. Rekstur veitna og félagslegra íbúða fela að mestu í sér lögbundin hlutverk sveitarfélaga og þrátt fyrir að hafnir séu ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga er það mat sambandsins í fyrrgreindri umsögn að hafnir séu mikilvægir samfélagslegir innviðir sem sveitarfélög telja til kjarnastarfsemi sinnar, en höfnum er ætlað að standa undir rekstri sínum með þjónustugjöldum. Aðrar B-hluta stofnanir geta verið menningarhús, ljósleiðaraverkefni sveitarfélaga, fjallskilasjóðir, rekstur félagsheimila, bifreiðastæðasjóðir, félag utan um almenningssamgöngur o.fl. Sambandið vakti einnig athygli á því að frumvarpsdrögin tóku ekki sérstaklega á stöðu byggðasamlaga gagnvart frumvarpinu en sveitarfélög eru með fjölbreytta starfsemi í gegnum byggðasamlög. Því þarf að vera skýrt hvort þau falli undir lögin eða hvort þau séu meðhöndluð á sama hátt og sameignarfélög líkt og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins en þar segir að sameignarfélög falli utan við gildissvið frumvarpsins.
- 2.4. Samandregið er því erfitt að slá því föstu hvaða stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga falla undir gildissvið frumvarpsins sem leiðir til þess að erfitt er að meta fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög nema með almennum ályktunum. Sem dæmi má nefna að ekki er hægt að taka saman heildarlán núverandi B-hluta stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga er falla undir lögin eða meta áætlaða lántöku næstu ára miðað við gildandi fjárhagsáætlanir sveitarfélaga til næstu fjögurra ára.

3. Mat á áhrifum lagasetningar á lánshæfi B-hluta stofnana sveitarfélaga sem falla undir löginn og mögulegan aðgang þeirra að lánsfé og fjárfestingu.

- 3.1. Samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga skal fara fram sérstakt mat á fjárhagslegum áhrifum lagafrumvarps ef fyrirsjáanlegt er að þau hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Líkt og fram kemur hér að framan er nánast ógerningur að meta fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á sveitarfélög þar sem gildissvið frumvarpsins er óljóst og ekki hefur átt sér stað fullnægjandi greining við gerð frumvarpsins á því hvaða B-hluta stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga sannarlega falla undir frumvarpið. Einnig eru 1. gr. um gildissvið frumvarpsins og skýringar með því ákvæði ekki fullnægjandi svo aðrir geti farið í þá greiningu nema með ærnum tilkostnaði. Er því eingöngu hægt að setja fram almennar ályktanir um möguleg áhrif lagasetningar á lánshæfi B-hluta stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga sem falla undir löginn.
- 3.2. Það hefur verið almenn óskráð regla að ríki og sveitarfélög beri almenna eigendaábyrgð á stofnunum sínum og fyrirtækjum nema í þeim tilvikum þar sem sett er á stofn sérstakt félag með takmarkaðri ábyrgð eða annað ákveðið með lögum. Á þessi meginregla sér m.a. stoð í ákvæðum laga um gjaldprotaskipti nr. 21/1991 þar sem fram kemur í 3. mgr. 5. gr. laganna að opinberar stofnanir verði ekki teknar til gjaldprotaskipta nema mælt sé á annan veg í lögum.
- 3.3. Þessi óskráða meginregla hefur leitt til þess að stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga sem líklega myndu falla undir gildissvið frumvarpsins hafa almennt notið betra lánshæfis og lánskjara en stofnunum og fyrirtækjum sem ekki njóta umræddrar almennrar eigendaábyrgðar sveitarfélaga. Verði frumvarpið að lögum er líklegt að lánshæfi og lánskjör muni versna hjá stofnunum og fyrirtækjum sem löginn taka til sökum þess að eigendaábyrgðar nýtur ekki við en einnig gæti þetta haft þau áhrif að lánshæfi og lánskjör gætu versnað hjá stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélaga almennt óháð því hvort þau falli undir gildissvið laganna einmitt á þeim grunni að erfitt er að meta hvort og hvaða stofnanir og fyrirtæki falla innan eða utan gildissviðs þeirra.
- 3.4. Hafa þarf í huga að við gerð skráningarlýsinga í skuldabréfaútboðum eða þegar óskað er eftir lánsfé frá ber B-hluta stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélaga sem hugsanlega falla innan gildissviðs laganna að vekja athygli á umræddri löggjöf svo lánveitendur og kröfuhafar geti gert sér grein fyrir mögulegum afleiðingum af ógjaldfærni viðkomandi aðila. Getur þetta haft sérstaklega neikvæð áhrif á stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga þar sem sveitarfélögum er óheimilt samkvæmt 3. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna tryggingar til lána eigin stofnana og fyrirtækja. Er því komin upp aðstöðumunur milli ríkis og sveitarfélaga þar sem ríkið getur veitt ríkisábyrgð á lánveitingum í samræmi við lög um ríkisábyrgðir nr. 121/1997 og þannig mildað áhrif frumvarpsins verði það að lögum.
- 3.5. Á fjármálamarkaði gildir almennt að aukinni áhættu fylgi hærri ávöxtunarkrafa. Í því felst þá að ef það verður áhættusamara en áður að lána fjármuni til tiltekinna rekstrareininga eða fyrirtækja í eigu sveitarfélaga má búast við því að lánakjör versni, að öðru óbreyttu. Það gildir þá um lánveitingar sem ekki eru með beinni ábyrgð sveitarfélags eða með öðrum tryggingum sem sveitarfélag veitir.

4. Niðurstaða

- 4.1. Með hliðsjón af framangreindri umfjöllun, frumvarpi til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga er vísað er til hér að framan ásamt lögskýringargögnum, má álykta sem svo að líklegt er að verði frumvarpið að lögum óbreytt muni það hafa neikvæð áhrif á lánshæfi og lánskjör stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga. Verður það ekki síst leitt af því að mjög er óljóst hvaða stofnanir og fyrirtæki falla undir löginn

og að sveitarfélög geta ekki gengist í sjálfskuldaábyrgð vegna tryggingar til lána eigin stofnana og fyrirtækja.

- 4.2. Ekki er hægt að fara í nánari útreikning á áhrifum lagasetningar á láns hæfi B-hluta stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga sem falla undir lögin og mögulegan aðgang þeirra að lánsfé og fjárfestingu þar sem gildissvið laganna er mjög óljóst, sbr. framangreinda umfjöllun.

Minnisblað þetta er takmarkað við þær niðurstöður sem settar eru beint fram í skjalinu og byggjast á að allar staðreyndir, ályktanir og staðhæfingar sem þar eru settar fram séu fullnægjandi og réttar. Ef einhver fyrrgreindra staðreynda, ályktana eða staðhæfinga er ekki fullnægjandi eða er röng er afar mikilvægt að okkur sé gerð grein fyrir því þegar í stað þar sem það gæti haft veruleg áhrif á niðurstöður okkar. Mat okkar byggist á umræddu frumvarpi, ákvæðum sveitarsjórnarlaga, ákvæðum annarra laga er vísað er til og lögskýringargögnum. Þessar heimildir geta breyst, afturvirk og/eða að því er varðar framtíðina, og allar slíkar breytingar geta haft áhrif á niðurstöður minnisblaðsins. Við munum ekki uppfæra minnisblaðið í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum eða vegna nýrra túlkana dómstóla eða sjórvalda á þeim nema sérstaklega verði óskað eftir því.

Vakni einhverjar spurningar við lestur þessa minnisblaðs, ef áhugi er á að fá nánari útskýringar eða viðtækari umfjöllun um einstaka atriði sem minnisblað þetta fjallar um, hveijum við eindregið til þess að haft sé samband við okkur. Við munum fúslega veita nánari upplýsingar og frekari aðstoð.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.

Magnús Kristjánsson // Bryndís Gunnlaugsdóttir